


Orku-breytistykki
2353 02

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Þýskaland
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
Netfang: www.gira.de
Vefslóð: info@gira.de

06/11

GIRA



Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.
Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.
Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Öryggisleiðbeiningar

Gætið þess að straumálag á tækið fari ekki yfir leyfileg mörk (16 A).
Ekki má raðtengja tæki í húsum með kló og innstungu.
Aðeins má nota tækið innandyrar þar sem það er varið fyrir áhrifum raka, ryks, sólarljóss og hita.

Fyrirhuguð notkun

Gira orku-breytistykkið er notað til að mæla orkunotkun rafmagnstækja. Aðeins er hægt að sýna upplýsingarnar um orkunotkun með Gira orku- og veðurstöðinni.
Ef tækið er notað með öðrum hætti en lýst er í þessum notkunarleiðbeiningum telst það vera röng notkun og falla ábyrgð vegna galla og skaðabótaábyrgð þá úr gildi. Þetta á einnig við um breytingar sem gerðar eru á tækinu.
Mælingar tækisins eru ekki til þess fallnar að þær séu notaðar til upplýsingar fyrir almenning.
Tækið er eingöngu ætlað til einkanota, en ekki til útreiknings á gjöldum.

Lýsing á virkni

Gira orku-breytistykkið mælir orkunotkun (kWh), virkt afl (W) og spennu (V) tengds rafmagnstækis og sendir upplýsingarnar þráðlaust til Gira orku- og veðurstöðvarinnar.

Búnaðurinn tekinn í notkun

Orku-breytistykkið fær spennu úr 230 V veitukerfinu.
1. Stingið orku-breytistykkinu í samband við rafmagnsinnstungu.
2. Stingið kló tækisins sem mæla á notkun fyrir í samband við orku-breytistykkið.

i Notkun fjöltengja

Ef nota á orku-breytistykkið fyrir fjöltengi með rofa verður orku-breytistykkið að vera milli innstungunnar og fjöltengisins.

Orku-breytistykki tengt

Tengja verður þráðlausar einingar saman svo þær geti átt samskipti sín á milli.
1. Haldið tengingarhnappinum á orku-breytistykkinu inni í þrjár sekúndur.
✓ Næstu fimm mínúturnar sendir orku-breytistykkið þá frá sér tengingarmerki með fimm sekúndna millibili. Meðan á tengingunni stendur logar ljósdíóðan.
2. Innan þessara fimm mínútna skal setja orku- og veðurstöðina í forritunarstillingu (sjá notkunarleiðbeiningar fyrir orku- og veðurstöð).
✓ Þegar tengingu hefur verið komið á sýnir orku- og veðurstöðin upplýsingarnar sem orku-breytistykkið hefur sent til hennar.
3. Stutt er aftur á tengingarhnappinn til að fara úr forritunarstillingunni á orku-breytistykkinu.
Hægt er að tengja hvert orku-breytistykki við eins margar orku- og veðurstöðvar og óskað er.

Tengingu eytt

Aðeins er hægt að eyða tengingu orku-breytistykkisins á orku- og veðurstöðinni.

Sending gagna og truflanir

Orku-breytistykkið sendir gögn til orku- og veðurstöðvarinnar með 2–3 mínútna millibili. Þar sem þráðlaus sendingin fer ekki um lokaða leið er ekki hægt að útiloka truflanir. Nánari upplýsingar er að finna í notkunarleiðbeiningum orku- og veðurstöðvarinnar.
Til að koma samstillingu aftur á handvirkt er hægt að eyða tengingu orku-breytistykkisins úr orku- og veðurstöðinni og tengja hana að nýju eins og lýst er í kaflanum "Orku-breytistykki tengt".

Viðhald og þrif

Varan er viðhaldsfrí. Látið fagmenn annast allar viðgerðir.
Hreinsið vöruna með mjúku, hreinu og þurrum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk. Ef um mikil óhreinindi er að ræða er hægt að væta klútinna lítillega með volgu vatni.
Notið ekki hreinsiefni sem innihalda leysiefni. Það getur valdið skemmdum á plasthúsinu og áletruninni.
Áður en orku-breytistykkið er þrifið skal taka það úr sambandi við rafmagn. Það er gert með því að taka það úr innstungunni.

Mæligögn

	Mælisvið	Nákvæmni	Prep mælingar
Virkt afl	2,3 - 9,9 W	10% ± 2 stafbil	1 W
	10 - 99 W	2,0% ± 5 stafbil	1 W
	100 - 827 W	1,5% ± 3 stafbil	1 W
	828 - 4080 W	1,5% ± 11 stafbil	1 W
Orkunotkun	0 - 16.777 kWh	1 Wh	
Mælitími	0 - 1941 dagar	Kvarsstöðugt	10 sek.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	230 V / 50 Hz
Notkun í biðstöðu:	< 1 W
Mesti álagsstraumur:	16,0 A
Tími milli sendinga:	2 til 3 mínútur (breytilegt)
Senditíðni:	868,35 MHz
Drægi án hindrana:	100 m
Umhverfishiti:	0 til 40 °C
Mæliflokkur:	CAT II
Varnarflokkur:	IP20
Mál (B x H x D):	56 x 126 x 78 mm

i Athugið

Framleiðandi og söluaðili þessa orku-breytistykkis taka enga ábyrgð á röngum mæligildum og þeim afleiðingum sem af þeim kunna að hljóta.

Samræmisýfirlýsing

Notkun orku-breytistykkisins er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA.
Samræmisýfirlýsingu er að finna á niðurhalssvæðinu www.download.gira.de.